




AÐKOMU AÐ NÁMU E 26-A FRÁ IÐNAÐARSVÆÐI Á BAKKA MKV. 1:10.000



NÁMA E 26-A MKV. 1:2000



SNID A Í NÁMU MKV. 1:2000 LÁRETT - 1:200 LÖÐRETT



GILDANDI AÐALSKIPULAG NORÐURÞINGIS 2010-2030 AF SVEITARFELAGSUPPD/RÆTTI

TILLAGA AÐ BREYTTU AÐALSKIPULAGI Í KYNNINGU SAMHLIÐA DEILISK.TILLOGU.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 og var samþykkt í

bæjarstjórn Norðurþings þann:

Deiliskipulagstillaga var auglýst frá til

Auglýsing um samþykkt deiliskipulags birtist í B deild

stj.tíðinda þann



SKÝRINGAR DEILISKIPULAGS

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- MÖRK IÐNAÐARSVÆÐIS I-1
- LÖÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- RAFLÍNUR (220 KV)
- IÐNAÐARSVÆÐI
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- VEGIR, GÖTUR OG STIGAR
- SJÓR / VÖTN
- ROTÞRÓ
- VATNSBÖL
- RANNSÓKNARHOLUR MEÐ TILVITNUN Í RANNSÓKNARSKÝRSLU FRÁ STAPA-JARDFRÆÐISTOFU
- SKRÁÐAR FORNMYNJAR
- ÚTLÍNUR NÁMU
- VATNSVERNDARSVÆÐI

MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS VEGLÍNU MARKAST AF 15m HELGUNARSVÆÐI VEGAR.
MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS NÁMU MIÐAST VIÐ MÖGULEGT RASKAÐ LAND. SBR. HINITASKRÁ

HINITASKRÁ, SKIPULAGSMÖRK NÁMU

A	X=577378.4174, Y=618992.2080
B	X=577305.4151, Y=618911.5391
C	X=577292.0604, Y=618581.6017
D	X=577547.3976, Y=618554.3055
E	X=577588.8548, Y=618661.5720
F	X=577577.8982, Y=618745.7932
G	X=577408.3977, Y=618993.2947



Deiliskipulag þetta er unnið hjá Mannviti hf. Húsavík, í samráði við skipulagsnefnd og bæjarstjórn Norðurþings.

Greinargerð Forsendur Aðalskipulags Norðurþings 2010 - 2030

Í tengslum við uppbyggingu vegar frá hafnarsvæði á Húsavík að iðnaðarsvæði á Bakka ásamt gatnagerð innan iðnaðarsvæðisins er þörf á talsverðu efni til fyllingar. Einnig þarf efni til hafnarframkvæmda á Húsavík. Samkvæmt athugun Vegagerðarinnar er efni úr námu E26-A talið henta best til fyrirhugaðra framkvæmda. Breyting á aðalskipulagi felst í að breyta stærð námu og efnismagn þannig að í tölflu standi 49.900m³/149.900m³.

Veglina verður sýnd á aðalskipulagsupprætti til upplýsingar. Um er að ræða um 2,8 km langan veg og um 7 m breiðan. Um er að ræða veg sem fylgir að mestu vegstæði fyrirhugaðs línuveggar vegna háspennulínu og hefur sá vegur þegar fengið umfjöllun í mati á umhverfisáhrifum háspennulínu. Náman verður innan grannsvæðis vatnsverndar. Grannsvæði þetta er eitt nokkurra grannsvæða sem afmörkuð hafa verið til mögulegra nota í framtíðinni hvort sem er fyrir atvinnustarfssemi eða almennra nota. Þetta tilteknna grannsvæði var afmarkað til að gæta að litlum uppsprettum Bakkaár sem fyrirhugað var að virkja til að nota á iðnaðarsvæði. Til lengri tíma er ósennilegt að efnistakan muni hafa veruleg neikvæð áhrif á uppsprettuna. Á vinnslustigi námunar er þó ekki hægt að útiloka rökun á uppsprettum. Fyrirhuguð náma er háð starfsleyfi. Í starfsleyfisskýrðum fyrir stórar námur eru almenn ákvæði og skilyrði sem gilda fyrir slíkar námur. Þar á meðal eru ákvæði um mengunvarnir og frágang námu. Mikilvægt er að þessum ákvæðum verði fylgt eftir til að lágmarka eða koma í veg fyrir að námuvinnslan hafi neikvæð áhrif á grannsvæðið.

Staðhættir

Náman yrði staðsett norðan Húsavíkurfjalls skammt norðvestan við þann stað þar sem náman er sýnd á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags Norðurþings, í Skurðsbrúnum við Húsavík. Náman yrði í um 240 m h.ý.s. á upplásum mel skammt frá Bakkaá. Námuvegur mun liggja um skilgreint landúnaðarsvæði norðan við fyrirhugaða háspennulínu. Hækkun í landi frá þjóðveg og að námu er rúmlega 200 m og fer veghælli upp í rúmlega 10% halla þegar mest lætur.

Efnistaka og fyrirkomulag

Náman yrði klapparnáma og er flatarmál hennar um 49.900m² og verður hún um 220m löng og 225m breið. Efnistakusvæðið er í grágrýti og er yngra en 0,8 milljón ára. Myndunin virðist nokkuð heilleg og er a.m.k. 18-20m þykk á þessu svæði. Gert er ráð fyrir að úr námunni sé hægt að ná um 20% af grjóti

yfir 1 tonni, um 4% yfir 10 tonnum og 0,2-0,5% yfir 20 tonnum. Gert er ráð fyrir að náman nýstist til framtíðarnota fyrir sveitarfélagið fyrir verkemi við stóriðjuhöf á Bakka og höfnina á Húsavík. Aðkoma að námunni verður að norðanverðu, þar sem námuvegurinn kemur inn í námunna. Þar verður námuþotinn í um 10 m hæð undir núverandi landhæð. Námuvegurinn mun því liggja í skeringu þar sem hann kemur inn í námunna. Til að byrja með verða laus efni hreinsuð ofan af klöppinni og þeim ytt til hliðar til síðari nota. Miðað er við að hluti þeirra verði notaður við gerð námuveggarins. Sá hluti hans sem ekki nýstist til vegagerðar verður geymdur við jaðrana til að nota við frágang námuþvæðisins. Lífrænum jarðvegi sem finnst á námuþvæðinu verður haldið til haga og hann geymdur til að nota við frágang raskaðra svæða. Efni sem ekki nýstist strax verður haugsett norðan og austan námunar til verndar grannsvæði vatnsverndar. Óil umgengi vestan og utan marka hennar þar verður óheimil. Náman verður uninn þannig að botn hennar verði nokkuð sléttur en halli á botninum fer eftir dýpt klapparinnar. Náman verður grynnst vestast, en dýpkar eftir því sem austar dregur. Náman verður ekki opnuð fram til vesturs, en Bakkaá rennur fyrir neðan melinn í um 180 m fjarlægð frá námuþotinum. Með því er hægt að draga úr hættu á að aur og mengun frá sprengingum berist í Bakkaá. Einnig verður dregið verulega úr sjónrænum áhrifum efnistökunnar en hún mun verða lítið áberandi frá Norðausturvegi. Við sprengingar í námunni verður undirbúningur miðaður við að það losni stór grjót sem hægt verður að nýta sem brimvarnarefni. Allt minna grjót sem losnar við sprengingarnar verður unnið áfram og malað til að það verði hægt að nota við vegagerð, gatnagerð og gerð byggingarsvæða á Bakka. Gert er ráð fyrir aðstöðu verktaka norðan við námunna. Þar er um að ræða verkstæði og læranlega vinnuskúla fyrir starfsmenn. Við vinnslu námunar er heimilt að virkja vatnsból fyrir starfsmannastöðu og tengja rotþró. Stærð og frágangur rotþróar verði skv. reglugerðum og í samráði við Heilbrigðisstofnun Norðurl. eystra. Heimilt er að þlæjga jarðstreng í vegakanti námuveggar frá spennuvirki við iðnaðarsvæðið og að starfsmannaöstöðu.

Frágangur

Efnistöku vegna framkvæmda við Húsavíkurhöfn lýkur eftir 3-5 ár. Eftir það verði svæðið nýtt sem framtíðarnámuþvæði fyrir Húsavík. Gert er ráð fyrir að efnistöku úr námunni verði lokið eigi síðar en árið 2030 og henni þá lokað. Að framkvæmdum loknum verða jaðrar námunar mótaðir þannig að þeir falli sem best að nánasta umhverfi. Landið verður mótað í samræmi við landslag og halla umhverfis og námuþvæðið verður komið fyrir við námustálið og lífrænum jarðvegi jafnað yfir þar sem hann er til staðar. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vinddálag á lausan jarðveg. Jafnframt skal fjarlægja óil mannvirki og lagir þeim tengdum.

Umhverfismat

Fyrirhuguð efnistaka fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. 1. viðauka tl. 2.03 sem fjallar um efnistöku. Framkvæmdin fellur þar með einnig undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Veggerðin hefur lagt mat á umhverfisáhrif efnistökkunnar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Umfjöllum um umhverfisáhrif styðst við greinargerð Vegagerðarinnar, en einnig skýrslu Jarðfræðistofunnar Stapa um grjótnám í Skurðsbrúnum og matsskýrslu vegna háspennulínu á Bakka.

Valkostir

Við undirbúning deiliskipulags voru skoðaðir nokkrir kostir til efnistöku. Aðrar námur sem komu til skoðunar voru Katlanáma, náma við Jónsniðu og náma við Grásteinsheiði. Fyrirgreindu tvær námunar eru opnar. Við skoðun kom í ljós að flutningsvegalengd frá þessum námunum til Húsavíkur yrði nokkuð mikil og yrði flutningur efnis einnig í gegnum miðbæ Húsavíkur. Norðurþing telur mikinn hag í því að nýta efni úr nýrri námu í Skurðsbrúnum, einkum þar sem hún er nær Húsavík og efnisflutningar verða ekki í gegnum miðbæinn. Hægt verður einnig að nýta námunna við frekari uppbyggingu á Bakka. Í samræmi við lög um umhverfismat áætlaða eru helstu umhverfisáhrif talin vera:

Ásýnd og landslag: Breyting verður á ásýnd svæðis við opnun um 50.000m² námu á svæði sem ekki er raskað í dag. Náman yrði innan svæðis þar sem gildi landslagsheldar hefur verið metið lágt í fyrri matsverkefnum, en einkenni heldarinnar eru grórir melar, lækir og gil og útsýni í átt til sjávar. Náman yrði í hvarfi frá íbúðarbyggð. Norðurþing telur að með vönduðum rekstri og frágangi námunar verði áhrif á þennan umhverfisþátt óveruleg.

Samfélag: Efni til hafnargerðar verður flutt um Norðausturveg, Héðinsbraut, niður Naustagil og eftir hafnarvegi að Norðurhöfn. Efnismagnið er áætlað allt að 50.000m³ og er gert ráð fyrir að flutningar á brimvarnargrjóti fari fram á árunum 2015-2017. Dagleg flutningsþörf geti orðið 10-20 ferðir stóra grjótlutningabíla í um 600 daga á tímabilinu. Þessir flutningar munu hafa nokkur neikvæð áhrif á umhverfið og hvarfi frá íbúðarbyggð. Norðurþing telur að með vönduðum rekstri og frágangi námunar verði áhrif á þennan umhverfisþátt óveruleg.

Fornleifar: Skráning fornléifa hefur átt sér stað í nágrenni námunar í tengslum við umhverfismat línulanar og eru fornléifar sem þar fundust merktar inn á uppráttinn. Gera má ráð fyrir að götuslóðar og garðlag verði fyrir áhrifum vegna vegagerðar. Farið verður að tilráðum Minjastofnunar um mótvægisáætlir gagnvart mögulegum áhrifum á þessar fornléifar. Fornleifarönnun hefur ekki farið fram á svösta hluta námuþvæðis. Gerð er kvæð um að fornléifarfræðingur skoði þann hluta svæðisins áður en til framkvæmda kemur. Komi fornléifar í ljós verður farið að tilráðum Minjastofnunar Íslands um mótvægisáætlir.

Gróðurfar og fuglalíf: Fyrirhuguð náma er staðsett í lítt grónu holti sem í fyrirliggjandi gögnum hefur skilgreininguna ógróinn melur eða fjalldrapamói. Opnun námunar hefur neikvæð áhrif á gróður með skerðingu gróðurlendis. Gróðurlendið er ekki talið hafa sérstakt verndargildi. Hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun um frágang og uppræðslu að efnistöku lokinni. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki talin hættu á að áhrif verði á fugla á vísista. Helstu neikvæðu áhrif á fuglalíf verða á framkvæmdatíma vegna hávaða og umferðar, en einnig raskast búsvæði sem yrðu innan námuþvæðis.

Jarðfræði og jarðmyndanir: Samkvæmt fyrirliggjandi heimildum samanstandur berggrunnur fyrir-hugaðrar námu af grágrýti frá ísöld. Sú jarðmyndun er algeng og nýtur ekki sérstakrar verndar og því ekki talin markverð með tilliti til jarðmyndana. Telja má að áhrif námunar á jarðmyndanir verði óveruleg.

Vatnsvernd: Náman yrði staðsett á skilgreindu grannsvæði vatnsverndar samkvæmt núgildandi skipulagi og hefði því neikvæð áhrif á það. Til lengri tíma er ósennilegt að efnistakan muni hafa veruleg neikvæð áhrif á uppsprettuna. Á vinnslustigi námunar er þó ekki hægt að útiloka rökun á uppsprettum.



© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEKKINGAR, AÐ HLUTA EFTA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEIÐI LEYFI HÖFUNDNA.

NÁMA E 26 - A NORÐURÞINGI

DEILISKIPULAG TILLAGA

VERKNÚMUR	1.681.266	MKV.	STÆRD	A1
DAGSETNING/HÖNDUR			ÚTGAFA	01